



Mannauður

Árangur Menntavísindasviðs byggist á þeim auði sem býr í starfsfólki og nemendum. Sviðið verður að vera samkeppnishæft um starfsfólk og nemendur. Það er skólanum kappsmál að laða til sín hæft starfsfólk og stúdenta og byggja upp samheldið háskólasamfélag. Mikilvægt er að hlúa að mannauði skólans með því að bjóða starfsumhverfi sem stuðlar að velferð, jafnrétti og heilbrigði.

Stefnan var unnin af Björgu Gísladóttur, rekstrarstjóra og Hönnu Þóru Hauksdóttur, fyrrum mannauðsstjóra. Niðurstöður úr hópavinnu starfsfólks á misserisþingi voru hafðar til hliðsjónar.

Stjórnendur geri starfsfólki og nemendum kleift að samræma starfsskyldur og fjölskylduábyrgð

- Starfsemi sviðsins, s.s. skipulag funda, stunda-töflur og próf verði skipulögð með hliðsjón af samþættingu starfs- og fjölskylduábyrgðar starfsmanna og stúdenta.
- Við mat á vísindastörfum verði tryggt að tekið sé tillit til fjarvista vegna fæðingarorlofs og veikinda
- Boðið verður upp á fjölskyldudag í lok hvers skólaárs, með hreyfingu og næringu

Hvetjandi, umhverfisvænt og skemmtilegt starfsumhverfi sem stuðlar að heilbrigði og vellíðan starfsmanna og stúdenta

- Leitað verði leiða til að draga úr streitu og jafna vinnuálag á meðal starfsmanna
- Búið verði sérstaklega í haginn fyrir nýja akademíska starfsmenn
- Samskiptaáætlun verði innleidd og aðgerðaáætlun framkvæmd
- Möguleikar á starfsþróun innan sviðs verði auknir, m.a. með endurmenntun
- Hugað verði að heilsuefandi starfsumhverfi



Uppbygging háskólasvæðisins
stuðli að samheldnu
háskólasamfélagi

- Unnið verði ötullega með stjórnendum Háskólans að því markmiði að öll meginstarfsemi verði byggð upp á háskólasvæðinu og að áhersla verði lögð á flutning sviðsins
- Unnið verði ötullega að því með stjórnendum Háskólans að samgöngur og öryggi starfsfólks og nemenda á háskólasvæðinu verði bætt, s.s. með skutlu, starfsmannabílum, gönguleiðum, betri lýsingu, betri hálkuvörn, fleiri P-merktum stæðum og betri aðstöðu fyrir reiðhjól
- Lögð verði áhersla á að tryggja samstarf og samvinnu við önnur fræðasvið

Jafnrétti og fjölbreytileiki í
fyrirrúmi við uppbyggingu
háskólasamfélagsins

- Samsetning nemendahópsins verði greind og gripið til aðgerða ef kerfislægar hindranir eru fyrir hendi og tryggður verði sá stuðningur sem þörf er á
- Úttekt gerð á kynbundnum launamun, mögulegum ástæðum og gerð aðgerðaáætlun til úrbóta eftir því sem ástæða er til
- Lögð verði áhersla á þekkingu stjórnenda á jafnréttismálum og mikilvægi margbreytileikans
- Lögð verði áhersla á mikilvægi íslenskrar tungu og stuðningur aukinn við nemendur í því tilliti

Áhersla lögð á að efla stjórnun,
gæðaferla og nýtingu
upplýsingatækni

- Stuðningur við stjórnendur á sviðinu verði tryggður með öflugri stjórnsýslu
 - Hugað verði að fræðslu til stjórnenda og aukinni samvinnu við stjórnsýslu sviðsins
 - Tengsl milli starfsmanna verði eflað
 - Starf deildarforseta og formanna námsbrauta verði skilgreint betur og styrkt með lengri ráðningartíma og auknum stuðningi
 - Lykilupplýsingar um nám, rannsóknir, mannauð og fjármál skilgreindar og þær uppfærðar í gagnatorgi til notkunar í daglegum rekstri
 - Verkferlar skýrðir og upplýsingatækni nýtt betur, m.a. með heildstæðri hönnun hugbúnaðarkerfa
-